

Námsmat í Grunnskóla Seltjarnarness - vor 2019

- Samantekt og greinargerð fræðslustjóra

Við skólaslit Grunnskóla Seltjarnarness í júní 2019 komu upp áhöld um hvernig staðið hafi verið að námsmati í skólanum og lokamati 10. bekkjar. Nokkrir foreldrar höfðu samband við fræðslustjóra og formann skólanefndar vegna málsins og lögðu fram upplýsingar sem gáfu tilefni til að taka það til frekari skoðunar.

Af hálfu þeirra foreldra sem höfðu samband vegna málsins var spurt um rétt nemenda og foreldra til útskýringa á námsmati og fundið var að því að erfiðlega hafi gengið að fá upplýsingar og gögn um námsmatið frá skólanum. Foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness sendi skólanefnd Seltjarnarnesbæjar erindi dagsett 12.06.2019, fyrir hönd foreldra / forráðamanna nemenda 10. bekkjar, þar sem aðfinnslur þeirra voru teknar saman og óskað var svara við eftirfarandi atriðum:

- *Við óskum eftir útskýringu á hvernig Grunnskóli Seltjarnarness stendur að endurgjöf til nemenda og foreldra og hvaða aðgerðum var beitt á síðasta skólaári til að gefa nemendum kost á að bæta sig.*
- *Við óskum eftir því að fá rökstuðning og staðfestingu á því að Grunnskóli Seltjarnarness noti þau matsviðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla til viðmiðunar við einkunnagjöf vorið 2019.*
- *Við óskum eftir því að fá útskýringar á því hvernig skólinn heimfærir hæfnieinkunn yfir í bókstafi.*
- *Við óskum eftir að fá útskýringar á því hvers vegna sú eftiráskýring er gefin að ákveðnir hæfnimælikvarðar séu ekki teknir gildir eða hafi minna vægi en aðrir.*
- *Við óskum eftir svörum við því af hverju ekki var upplýst um hvert vægi einstakra hæfnimælikvarða væri, í upphafi árs og hvernig einkunnir væru uppbyggðar.*
- *Við óskum einnig eftir því að fá upplýsingar um það ferli sem á sér stað í aðdraganda foreldrafunda. Hvernig samskiptum kennara og umsjónarkennara er háttað til þess að tryggja það að réttar og skýrar upplýsingar um raunverulega námsstöðu nemanda skili sér til foreldra á foreldrafundi.*
- *Einnig viljum við fá upplýsingar um það hvers vegna skilaboðum er ekki komið til foreldra ef kennari telur að nemandi sé í vanda í viðkomandi námsgrein. Hvaða ferli fer af stað innan skólans ef kennari telur nemandi eiga í vanda. Hvert leitar viðkomandi kennari og hvernig er því fylgt eftir.*

Erindið var tekið fyrir á fundi skólanefndar 19.06.2019 og fól nefndin stjórnendum Grunnskóla Seltjarnarness að svara erindinu.

Svar við erindinu barst frá skólastjóra Grunnskóla Seltjarnarness 26.06.2019 og var það sent fulltrúum skólanefndar og stjórn foreldrafélags skólans. Svarbréf skólastjóra var svo tekið formlega fyrir á fundi skólanefndar 28.08.2019. Skólastjóri leiðrétti þar ákveðin atriði í svarbréfi sínu og baðst afsökunar á fyrri svörum, þar sem þau byggðu ekki á réttum upplýsingum.

Til viðbótar og tengt umræddu máli barst Seltjarnarnesbæ um miðjan júlímánuð bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 9.07.2019. Ráðuneytinu hafði borist kvörtun frá foreldri um að skólinn fylgdi ekki matsviðmiðum aðalnámskrár við einkunnagjöf við lok 10. bekkjar. Ráðuneytið óskaði eftir afstöðu sveitarfélagsins til erindis málhefjanda auk þess að óska sérstaklega eftir upplýsingum um með hvaða hætti unnið er að námsmati með tilliti til mats- og hæfniviðmiða á grundvelli aðalnámskrár af hálfu Grunnskóla Seltjarnarness. Í svari Seltjarnarnesbæjar við bréfi ráðuneytisins, dags. 15.08.2019, kemur skýrt fram að afstaða sveitarfélagsins til erindis málshéfjanda er að það gefi tilefni til ferkari athugunar á því með hvaða hætti unnið var að námsmati sl. skólaár, í samræmi við ósk ráðuneytisins. Formaður skólanefndar og fræðslustjóri höfðu þá þegar lagt til að leitað yrði til óháðs fagaðila um skoðun á því hvernig staðið var að námsmati við skólann, sérstaklega m.t.t. mats- og hæfniviðmiða og var ákvörðun um það staðfest í kjölfar erindis ráðuneytisins. Leitað var til Ernu Ingibjargar Pálsdóttur, skólastjóra Álftanesskóla, um að taka að sér umrædda skoðun og fylgir greinargerð hennar hjálagt. Erna Ingibjörg hefur yfirgripsmikla þekkingu á námsmati og hefur hún komið að fjölmörgum faglegum verkefnum því tengdu, m.a. fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Menntamálastofnun.

Eins og lesa má í greinargerð EIP er vinnan við hæfnimiðað námsmat í Grunnskóla Seltjarnarness enn í þróun og skólinn „kominn nokkuð vel á veg“. Það er þó ljóst að spurningar sem vöknudu meðal foreldra um námsmatið og vinnu / framkvæmd þess voru ekki tilefnislausar, þar sem ýmsu er ábótavant og þarf skólinn að bregðast við í þeim efnum og færa til betri vegar. Í greinargerð EIP er þar bent á eftirfarandi atriði:

- *Það á samkvæmt námsmatssérfræðingum að aðgreina mat á námsárangri nemenda frá öðrum þáttum eins og samvinnu, framkomu og ástundun. Mat á lykilhæfni nemenda s.s. á ábyrgð nemenda á námi, samvinnu o.fl. má þó birta á hæfnikorti nemenda í hverri námsgrein og í öllum árgöngum eða á sérstökum matslista sem nemendur fá afhent fyrir námsviðtöl og/eða í lok námsáfanga. GS þarf að gera foreldrum ljóst að einungis námsárangur liggur að baki lokaeinkunn nemenda og setja fram betri upplýsingar um það hvernig mat á öðrum þáttum birtist nemendum og foreldrum.*
- *Til að ekki vefjist fyrir neinum þurfa kennarar GS að skrá þau hæfniviðmið sem þeir telja vera mælanleg og metanleg og hafa þau viðmið sýnileg á hæfnikorti nemenda í öllum árgöngum en ekki að setja inn viðmið sem eru ekki til mats. Þá skiptir máli að kennarar, foreldrar og nemendur í GS átti sig á að hæfniviðmið 10. bekkjar í hæfnikorti eiga að endurspeglja lýsingu (matsviðmið) í A–D matskvarða námssviða þar sem þau eru heildræn lýsing á hæfnieinkunn nemenda við lok grunnskólans.*

- *Á hinn bóginn má benda kennurum í GS á að það gefur ekki endilega rétta mynd af námsstöðu nemenda í lok námsáfanga ef þeir gefa nemendum einkunn fyrir hvert verkefni eða próf sem þeir hafa gert á skólaárinu og reikna meðaltal þess. Mat í námsferlinu á miklu fremur að upplýsa nemandann um það hvort hann hafi náð markmiði, leiðbeina honum um það sem hann þarf að gera til þess að ná markmiðum sínum áður en kemur að lokamati. ... Skráning á hæfnikort nemenda þarf að fara reglulega fram í námsferlinu til að nemendur og foreldrar geti fylgst með framvindu námsins áður en kemur að lokamati. Til að gera það markvisst getur GS sett nokkrar vörður yfir skólaárið, um það hvenær kennarar eiga að skrá það mat sem framkvæmt hefur verið á tilteknu tímabili.*
- *Þegar gefa á einkunn á A–D matskvarða við lok námsáfanga er mikilvægt að hafa í huga að sumir námsþættir geta fengið minna vægi en aðrir í námsferlinu, ekki er sami fjöldi viðmiða í hverjum námsþætti, sum viðmið eru metin oft en önnur og geta því haft mismikið vægi í lokaeinkunn.*

Það er afar mikilvægt að sátt og traust ríki um námsmat hverju sinni meðal hagsmunaaðila í skólasamfélaginu. Ýmislegt hefði betur mátt fara í samskiptum milli foreldra, kennara og stjórnenda við lok sl. skólaárs. Gegnsæi námsmats og miðlun upplýsinga þarf að vera með þeim hætti að nemendur og foreldrar séu sem best upplýstir um framgang barna sinna í námi og námsstöðu þeirra. Það kemur fram í greinargerð EIP að „hæfnimiðað nám og námsmat er ólíkt því sem flestir kennarar og foreldrar ólust upp við í sinni skólagöngu. Kennarar í GS taka alvarlega athugasemdir foreldra og ætla að leggja mat á vinnu skólans í námsmati enda vilja þeir leggja metnað í vinnuna sína og ekki upplifa óöryggi.“ Á undirbúningsdögum í Grunnskóla Seltjarnarness fyrir yfirstandandi skólaár í ágústmánuði sl. var sérstaklega unnið með breytt verklag við námsmat og áherslur sem líta skal til í því sambandi. Skólastjórnendur vinna nú auk þess að því að setja skólanum námsmatsstefnu, sem væntanlega verður lögð fram til kynningar á skólaárinu.

Að mati fræðslustjóra hefur átt sér stað áhrifamikið lærdómsferli innan skólans frá því að athugasemdir við námsmatið tóku að berast og ljóst er að sumar þeirra munu leiða af sér breytingar í þessum efnum á yfirstandandi skólaári. Það er ljóst að afar knappur tími gafst fyrir nemendur og foreldra/forráðamenn þeirra til þess að fá útskýringar á námsmati og lokaeinkunnum, þar sem upplýsingar þar að lútandi voru gerðar aðgengilegar að kvöldi 5. júní og kennarar og stjórnendur skólans fóru í námsferð erlendis að morgni 7. júní. Fræðslustjóri hefur mælst til þess á fundum með skólastjórnendum að nemendum í 10. bekk verði birtar einkunnir um miðjan vetur og námsstaða þeirra sé kunngjörð foreldrum/forráðamönnum þeirra. Að vori þarf að birta einkunnir með nokkurra daga fyrirvara fyrir skólaslit, þannig að ráðrúm gefist til að hitta kennara ef skýringa er óskað á einkunnagjöf og ráðrúm gefist til að gera leiðréttingar ef þörf krefur áður en inntöku í framhaldsskóla lýkur.

Fræðslustjóri tekur undir orð EIP þar sem segir: „Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt viðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar

á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra.“ Mælt er til þess að eftirfarandi ábendingar, sem koma fram í greinargerðinni, verði hafðar að leiðarljósi við frekari þróun námsmats við Grunnskóla Seltjarnarness á komandi misserum.

- Setja skýr viðmið
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna.

Fræðslustjóri mun á skólaárinu fylgjast með framvindu námsmatsvinnu við Grunnskóla Seltjarnarness og vinna samantekt til skólanefndar við lok þess.

Virðingarfyllt,

Baldur Pálsson, fræðslustjóri Seltjarnarnesbæjar